



Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir



María Rúnarsdóttir
formaður Félagsráð-
gjafafélags Íslands

Kæru félagsráðgjafar!

Það er heiður að fá að vera í forsvari fyrir félagið okkar, Félagsráðgjafafélag Íslands. Ég er full tilhlökkunar enda er fjöldi verkefna á döfnni næsta starfsár. Ég vek athygli ykkar á að þið getið alltaf komið hugmyndum á framfæri við stjórn félagsins sem setur sér starfsmarkmið ár hvert.

Félagsráðgjafafélag Íslands undirbýr nú Evrópuráðstefnu félagsráðgjafa (IFSW European Conference) sem haldin verður dagana 28. til 30. maí 2017 í Hörpu. Yfirskrift ráðstefnunnar er á ensku *Marginalization and Social Work in a Changing Society* eða *Jaðarsetning í sýbreytilegu samfélagi*. Á ráðstefnunni koma saman rúmlega fimm hundruð félagsráðgjafar og aðrir þátttakendur til þess að ræða margvísleg málefni félagsráðgjafa.



Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar eru tveir. Annar er heimamaður, Helga Þórólfsdóttir félagsráðgjafi sem hefur verið í hjálparstarfi allt frá árinu 1993 þegar hún fór til Sómalíu. Síðan hefur hún verið í Líberíu, Georgíu, Bosníu Hersegóvínu, Úganda, á Indlandi, í Afganistan, Írak og Íran. Það verður áhugavert að heyra hana ræða um hlutverk félagsráðgjafa í hjálparstarfi. Hinn aðalfyrirlesarinn er Lena Dominelli, prófessor við Durham Háskóla í Bretlandi. Hún er vel þekkt í félagsráðgjöf og hefur skrifað fjölda bóka, meðal annars um græna félagsráðgjöf. Eitt helsta þema Evrópuráðstefnunnar er sjálfbærni samfélaga og félagsráðgjöf, sem er þema næstu tveggja ára í áætlun Alþjóðasamtaka félagsráðgjafa (IFSW). Það verður

áhugavert að taka þátt í umfjöllun um þetta og fjölmörg önnur málefni á Evrópuráðstefnunni í maí.

Í febrúar héldu Félagsráðgjafafélagið, Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd fjórða Félagsráðgjafafingindið og var yfirskriftin í ár *Nýsköpun í félagsráðgjöf*. Fengum við til okkar gesti frá bænum Herning í Danmörku sem kynntu hvernig sveitarfélagið hefur markvisst unnið að því að samþætta þjónustu við börn og barnafjölskyldur með það að markmiði að grípa fyrir inn í ferlið og hagræða í þjónustunni. Á norrænum fundi félagsráðgjafafélaga sem Félagsráðgjafafélag Íslands tók þátt í nú í apríl kynntu danskir félagar okkar hvernig þessi hugmyndafræði er að ryðja sér til rúms víðsvegar í Danmörku. Leggja dönsk sveitarfélög í auknum mæli áherslu á að fjárfesta í velferðarþjónustu þar sem aukinn fjöldi stöðugilda og áhersla á snemmtæka íhlutun leiðir til aukins árangurs í þjónustunni, aukinnar skilvirkni og hagræðingar. Félagsráðgjafafélagið ætlar að kynna þessa hugmyndafræði fyrir kjörnum fulltrúum í sveitarstjórnnum hérlandis og stjórnendum í velferðarþjónustu sveitarfélaga enn frekar á næstunni en félagið hefur lengi bent á mikilvægi þess að fjölga félagsráðgjöfum og gefa þeim aukið rými til þess að veita betri stuðning og ráðgjöf til einstaklinga svo draga megi úr þörf fyrir sérhæfðari og kostnaðarsamari stuðning síðar meir.

Félagsráðgjafafélag Íslands hefur einnig lagt áherslu á að lögvernda þurfi störf félagsráðgjafa í félagsþjónustu sveitarfélaga til þess að tryggja gæði þjónustunnar. Löggin sem nú eru í gildi voru samþykkt árið 1992 og þá var ekki nægur fjöldi félagsráðgjafa á Íslandi til að hægt væri að skuldbinda sveitarfélög landsins til að hafa félagsráðgjafa að störfum. Nú þegar lög um félagsþjónustu sveitarfélaga eru í endurskoðun höldum við áfram þessari vegferð og funduðu fulltrúar stjórnar FÍ fyrir skömmu með félags- og jafnréttismálaráðherra og kynntu honum áherslur félagsins. Á fundinum var jafnframt rætt um mikilvægi virkni í stefnumörkun en Félagsráðgjafafélagið hefur lagt áherslu á að lög um

félagsþjónustu sveitarfélaga séu í hvívetna byggð á valdeffingu, virkni og hvatningu, eða virkri velferðarþjónustu, þar sem borgararnir eigi rétt á að fá aðstoð til virkni með stuðningi félagsráðgjafa og annarra sérfræðinga. Hefur félagið lagt til að gerðar verði virkniáætlanir fyrir alla þá sem sækja um fjárhagsaðstoð og helst sem víðast í félagsþjónustu sveitarfélaga. Bindum við vonir við að ráðherra starfi samkvæmt þessari sýn í stefnumörkun sinni á komandi misserum.

Þá hefur Félagráðgjafafélag Íslands unnið að því á undanförunum árum að lögð verði aukin áhersla á félagsráðgjöf í heilsugæslunni. Fulltrúar stjórnar funduðu í vor með heilbrigðisráðherra til að kynna hvernig hægt væri að efla heilsugæsluna með þverfaglegri þjónustu og auka gæði þjónustunnar þannig að heilsugæslan geti verið fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu, eins og stjórnvöld hafa lagt áherslu á undanfarin ár. Nú starfa einungis þrjú félagsráðgjafar á heilsugæslustöðvum, einn í Grafarvogi, einn í Garðabæ og einn á Þroska- og hegðunarstöð. Félagráðgjafafélagið telur brýnt að auka hlut félagsráðgjafa og fleiri fagstétta í þverfaglegri teymisvinnu í heilsugæslunni.

Félagráðgjafafélag Íslands er bæði fag- og stéttarfélag félagsráðgjafa á Íslandi. Kjaraviðræður hafa tekið

mikinn tíma síðastliðin ár og sér ekki fyrir endann á þeim.

- Innleiðing starfsmats er hafin í sveitarfélögum og er áætlað að því verki ljúki í júní 2018. Áætlað er að allt að 50 félagsráðgjafar verði kallaðir í starfsmatsviðtöl á árinu 2017.
- Samningurinn við Reykjavíkurborg nær til mars 2019 og þar tekur ný og breytt launatafla gildi á næstunni, 1. júní 2017. Hef ég fundað með félagsmönnum til þess að fara yfir breytingarnar sem verða í sumar og næsta sumar.
- Gerðardómur úrskurðaði um kjör félagsmanna hjá ríkinu fyrir tveimur árum og fellur úrskurðurinn úr gildi nú í lok ágúst. Í sumar hefst undirbúningsvinna við komandi kjaraviðræður af fullum krafti og bind ég vonir við að félagsmenn sem starfa hjá ríkinu taki þátt í henni með trúnaðarmönnum félagsins og öðrum lykilaðilum.

Pau eru ærin, verkefni framundan, og ég hlakka til að leiða starf félagsins áfram með ykkar stuðningi og þátttöku í störfum félagsins.

María Rúnarsdóttir





Félagsráðgjafabing 2017

Samfélagsleg nýsköpun á dagskrá

Pröstur Haraldsson



Pröstur Haraldsson
bládamadur

Félagsráðgjafabing, það fjórða í röðinni, var haldið á Hilton-hótelinu í Reykjavík föstudaginn 24. febrúar. Yfirskriftin var að þessu sinni *Nýsköpun í félagsráðgjöf* og kom eiginlega í beinu framhaldi af þinginu í fyrra þegar yfirskriftin var *Gæði og þróun í félagsráðgjöf*. Þótt þingið væri að þessu sinni aðeins hálfur dagur var þátttakan góð og almennur áhugi á þeim 18 málstofum sem í boði voru.

María Rúnarsdóttir formaður Félagsráðgjafafélags Íslands setti þingið og sagði yfirskrift þingsins enga tilviljun. – Nýsköpun hefur verið á dagskrá í samfélaginu á síðustu árum. Hún er ekki bara á tækni sviðinu heldur er einnig rætt um félagslega og sam-

félagslega nýsköpun. Það er víða eftirspurn eftir hugmyndum og áformum sem geta leitt til bættra kjara. Evrópusambandið hefur þannig lagt áherslu á nýsköpun sem aðferð til að koma í veg fyrir aukna jaðarsetningu viðkvæmra hópa í samfélaginu. Á Norðurlöndum hefur verið lögð áhersla á samráð við notendur í því skyni að tengja viðkvæma hópa sem virka notendur við nýsköpunarverkefni í félagsþjónustu. Í nýlegri skýrslu frá OECD er rætt um viðmið fyrir nýsköpun og þar er það nefnt sem lykilatriði að henni sé hrint í framkvæmd og að hún leiði af sér virðisauka fyrir einstaklinga, bæði þjónustugega og starfsmenn, eða stofnanir í heild, hið opinbera og samfélagið allt.

María varpaði fram þeirri fyrirspurn hversu margir fundarmanna hefðu tekið þátt í nýsköpun í starfi sínu. – Mér sýnist það vera langflestir. Í velferðarþjónustunni erum við stöðugt að leita nýrra leiða til þess að



Aðalfyrirlesararnir Rikke og Stinne fengu margar góðar spurningar frá þátttakendum.



leysa þau verkefni sem fyrir liggja. Félagsráðgjafar hafa alla tíð haft mikil áhrif á þróun íslensks velferðarsamfélags, ýmist saman eða með samstarfsfólki úr öðrum stéttum, þótt við gerum okkur ekki alltaf grein fyrir þeim. Við höfum heilmikil áhrif á stefnu stjórnvalda með því að miðla reynslu okkar úr starfinu, sagði María Rúnarsdóttir.



Í dagskrárbæklingi ráðstefnunnar mátti sjá fjöldann allan af málstofum.

Í þessu riti verður greint frá ýmsu því sem fram kom á þinginu og áherslan lögð á að kynna raunverulega nýsköpun, bæði nýja þjónustu sem verið er að koma á fót og vinnustaði þar sem félagsráðgjafar eru að hasla sér völl í nýjum störfum. Meðal þess sem bryddað hefur verið upp á eru nýjar aðferðir við að takast á við vítahring hins félagslega arfs en þar geta félagsráðgjafar lagt fram drjúgan skerf til baráttunnar gegn fátækt sem nú er víða til umræðu í miðju góðærinu.

Á þinginu var boðið tveimur félagsráðgjöfum frá Jótlandi sem sögðu frá nýju fyrirkomulagi sem tekið

hefur verið upp í barnaverndarstarfi í bænum Herning. Þar hefur verið gengið skipulega í að fækka þeim málum sem hver félagsráðgjafi hefur á sinni könnu. Það hefur kallað á fjölgun félagsráðgjafa og hún helst í hendur við aukið þverfaglegt starf þeirra með sálfræðingum, heilbrigðisstarfsfólki og fleiri stéttum. Niðurstaðan er sú að þetta dregur svo mikið úr kostnaði við barnaverndarstarf að hægt er að nýta afgangsfjármuni til þess að ráða fleira starfsfólk og bæta þjónustuna á ýmsa



Mikill áhugi reyndist á aðalfyrirlestrinum um Herning-líkanið.

lund.

Skemmst er frá því að segja að erindi dönsku félagsráðgjafanna vöktu mikla athygli og endurómuðu í mörgum málstofum það sem eftir lifði þessa dags sem var svo ágætur að öllu öðru leyti en veðrinu sem var heldur hryssingslegt. En félagsráðgjafar létu það ekki á sig fá heldur nutu samvistanna og fræddust heilmikið í leiðinni.





Fjölguð starfsfólki, bætum þjónustuna – og spörum!

Nýtt fyrirkomulag á starfsemi barnaverndar í
Herning á Jótlandi vekur athygli

Pröstur Haraldsson



Pröstur Haraldsson
blaðamaður

Getur það staðist að hægt sé að fjölga starfsfólki barnaverndar-ráða um helming, bæta þjónustu sveitarfélagsins og auka lífsgæði jafnt skjólstaðinga sem starfsmanna – og spara stórfé á öllu saman? Þetta virkar þversagna-kennt en er engu að síður stað-reynd. Eftir að hafa gert tilraun með nýtt vinnuskipulag í fjögur

ár hefur sveitarstjórnin í Herning á Jótlandi ákveðið að það taki gildi í öllum skólaumdæmum héraðsins. Önnur sveitarfélög í Danmörku fylgjast grannt með og hafa mörg hver hafið undirbúning að því að fylgja Herning-líkaninu eins og það er kallað.

Á félagsráðgjafapingi sem haldið var í Reykjavík í febrúar greindu tveir danskir félagsráðgjafar frá þessu líkani. Stinne Højer Mathiasen hefur fylgst með tilrauninni frá upphafi í starfi sínu hjá KORA, sem er rannsóknarsetur danskra sveitarfélaga og héraða. Rikke B. Hjort hefur hins vegar starfað á bæjarskrifstofunum í Herning að því að innleiða nýja vinnuskipu-



Sagt frá Herning-líkaninu sem er nýtt fyrirkomulag á starfsemi barnaverndar í Herning.

Herning er tæplega 50 þúsund manna bær á miðju Jótlandi og er meðal annars þekktur fyrir stóra evrópska landbúnaðarsýningu sem þar er haldin reglulega. Bærinn er nokkurn veginn þar sem á sínum tíma stóð til að senda Íslendinga þegar þjóðin virtist ætla að verða hungurmorða eftir Skaftárelda. Undir sveitarfélagið falla einnig dreifbýl héruð með 40 þúsund íbúa til viðbótar.

Íbúar undir 18 ára eru um 20 þúsund og starfsmenn sem sinna þeim hópi eru um 2.500, að meðtöldu starfsfólki allra skóla. Í barnaverndinni starfa 60 félagsráðgjafar og 6 stjórnendur. Upphaflega tilraunin sem hér er greint frá náði til fjögurra skólaumdæma, eða um 20% íbúa sveitarfélagsins, en nú hefur verið ákveðið að nýju vinnubrögðin nái til héraðsins alls.

lagið. Sú fyrrnefnda gat staðfest það að öll markmiðin sem tilrauninni voru sett hefðu náðst og að sparnaður sveitarfélagsins í útgjöldum til barnaverndarmála hefði reynst töluvert meiri en lagt var upp með.

Raunar er kannski ekki alveg rétt að kenna þetta líkan við Herning því hugmyndin að því kemur frá Svíþjóð og þar er það kennt við bæinn Borås á vesturströndinni. Hvað sem upprunanum líður þá hefur velferðarsvið Herning þróað líkanið áfram og náð árangri sem eftir er tekið.

Þverfaglegt samstarf mikilvægt

Kjarninn í þessu líkani er sá að fækka þeim málum sem hver félagsráðgjafi vinnur að hverju sinni um helming eða meira, úr 45–50 í 20–25. Við það gefst þeim tími til þess að sinna hverri fjölskyldu betur. Sambandið verður nánara og heimsóknir og viðtöl

við skjólstæðingana tíðari en lögin krefjast. Við það fækkar þeim börnum umtalsvert sem koma þarf fyrir á stofnunum. Í staðinn fjölgar þeim sem komið er í fóstur hjá skyldmennum eða innan tengslanets fjölskyldunnar. Áhersla er lögð á að sinna forvörnum, tryggja börnunum eins eðlilegt líf og hægt er og draga úr afskiptum barnaverndaryfirvalda af þeim.

Auk þess að minnka annríki hvers starfsmanns er lögð áhersla á þverfaglegt samstarf þar sem fleiri stéttir en félagsráðgjafar koma við sögu. Í tilrauninni sem hófst í Herning árið 2013 var sett saman teymi sem í voru níu félagsráðgjafar, þrjár barna- og uppeldisálfræðingar og fjórir hjúkrunarfræðingar, auk leiðtoga teymisins.

Helsta leiðarhnoð teymisins er það sem kalla mætti „aðgerðatröppurnar“. Þar er inngrípum barnaverndaryfirvalda ráðað í fimm þrep sem eru:

1. Forvarnir
2. Inngríp á heimilinu
3. Fóstur hjá skyldmennum eða vinafólki
4. Fóstur fjölskyldur
5. Uppeldisstofnanir

Markmiðið er að þoka sem flestum börnum af hærri þrepuum niður á þau lægri, sem eiga það sameiginlegt að valda minna raski fyrir viðkomandi barn og vera ódýrari fyrir sveitarfélagið.

Sparnaður og aukin starfsánægja

Tímarit danskra félagsráðgjafa, *Socialrådgiveren*, fjallaði um þessa tilraun í júní 2015 þegar hún var rúmlega hálfnuð og gat þá þegar greint frá góðum árangri af henni. Yfirmaður æskulýðsmála í Herning, Preben Siggård, segir í viðtali við blaðið að árið 2012 hafi deildin fengið skipun um að skera niður rekstrar-kostnað um sem nemur 2,5 milljónum danskra króna (um 40 millj. ÍSK). Eftir umræður um hugmyndirnar frá Borås var ákveðið að fresta þeim niðurskurði en fjárfesta þess í stað í nýja skipulaginu. Árið 2015 hafði deildin lækkað rekstrarkostnað barnaverndar í tilraun-umdæmunum fjórum um 4,5 milljónir króna (72 millj. ÍSK). Hún gat haldið tveimur milljónum (32 millj. ÍSK) eftir til þess að fjárfesta í auknum forvörnum, ráða fleiri starfsmenn og auka færni þeirra með endurmenntun.

Siggård segir að árangurinn sé svo góður af nýja skipulaginu að búíð sé að ákveða að innleiða það í öllum skólaumdæmunum þótt tilraunin sé ekki nema hálfnuð. Hann leggur hins vegar áherslu á að fjölgun félagsráðgjafa ein og sér sé engin töfralausn. – Hagurinn felst í breyttum vinnubrögðum, ekki eingöngu fjölgun starfsfólks. Við verðum að breyta hugarfari starfsmanna og það krefst aukinnar endurmenntunar og náinnar þverfaglegrar samvinnu, segir hann.

Undir þetta tekur varaformaður danska félagsráðgjafafélagsins, Niels Christian Barkholt, í viðtali við blaðið. – Það segir sig sjálf að félagsráðgjafar ná betri árangri í störfum sínum ef þeim börnum sem þeir þurfa



Rikke B. Hjort og Stinne Højer Mathiasen frá Herning í Danmörku voru aðalfyrirlesarar á Félagsráðgjafabþinginu.



að sinna er fækkað úr 50 í 25. Þá gefst þeim tími til að fylgjast betur með skjólstæðingum sínum, styrkja tengslin innan fjölskyldnanna og starfa nánar með öðru fagfólki, segir hann.

Því má svo bæta við að starfsánægja og líðan félagsráðgjafa hefur batnað til muna, að sögn viðmælenda blaðsins. Veikindaleyfi vegna streitu heyra að heita má sögunni til. – Við getum lagt meira til málanna og það eykur starfsánægju okkar, segir félagsráðgjafinn Sisi Ploug Pedersen og bætir við: – Maður fyllist faglegu stolti við að þurfa ekki lengur að stunda endalausar neyðarreddingar. Og við erum orðin miklu aðgengilegri fyrir börnin en áður, þau fá meira að segja samband við okkur þegar þau hringja!

Góð fjárfesting

Rikke B. Hjort sagði í erindi sínu á félagsráðgjafabingi að starfsmenn barnaverndar einbeiti sér að því að ýta undir styrkleika og jákvæða eiginleika barnanna. – Við gerum öryggisáætlanir fyrir börn sem við teljum vera í áhættuhópum, svo sem vegna óreglu á heimilum eða ofbeldis, sem jafnvel beinist að þeim sjálfum. Með því að hver félagsráðgjafi þarf einungis að sinna að hámarki 25 málum hafa þeir betri tíma og geta einbeitt sér að því að koma í veg fyrir íkveikjur í stað þess að slökkva elda sem þegar eru kviknaðir, sagði hún.

Rikke lýsti því hvernig starf félagsráðgjafanna hefur breyst. – Það var ákveðið að hætta með fasta símatíma. Þess í stað fengu allir félagsráðgjafarnir farsíma og í þá geta skjólstæðingarnir hringt hvenær sem þörf krefur. Við notum einnig tölvupóst og samfélagsmiðla til þess að hafa samband við börnin. Við forðumst í lengstu lög að skipta um starfsmenn í einstökum málum því rannsóknir hafa sýnt að það getur verið skaðlegt. Við virðum að sjálfsögðu trúnað í samskiptum okkar við fjölskyldurnar og spyrjum til dæmis foreldra alltaf hvort við megum ráðfæra okkur við aðra fagmenn á skrifstofunni. Þeir þurfa að veita skriflegt samþykki fyrir því, sagði Rikke B. Hjort.

Í umræðum að loknum erindunum staðfesti Stinne Højer Mathiasen sem hefur fylgst með starfseminni í Herning að gæðin hefðu aukist verulega í barnaverndinni. – Aukinn tími sem félagsráðgjöfum gefst til að sinna málunum eykur traust barna og fjölskyldna til þeirra og við það aukast líkurnar á að málin leysist á sem farsælastan hátt, sagði hún.

Þess má svo geta hér í lokin að stofnunin sem Mathiasen starfar hjá, KORA, hefur gefið út lokaúttekt á tilrauninni í Herning. Þar er farið fögrum orðum um þetta starf. Niðurstaðan er sú að Herning-líkanið sé ákaflega góð fjárfesting fyrir dönsk sveitarfélög.

Skyldi hún ekki vera jafngóð hér á landi?



Nokkrir áfangar í 50 ára sögu Félagsráðgjafafélags Íslands

Eldey Huld Jónsdóttir



Eldey Huld Jónsdóttir
félagsráðgjafi MSW og
verkefnastjóri hjá FÍ

Undirrituð hefur að undanförnu unnið að því að taka saman ágríp af 50 ára sögu Félagsráðgjafafélags Íslands. Þetta hefur verið einstaklega skemmtileg og gefandi vinna. Ég hef haft mikla ánægju af því að rifja upp hvernig öflugt og óeigingjarnt vinnuframlag fjöldamargra félagsmanna hefur rutt brautina fyrir stéttina okkar

og lagt grunn að kröftugu fag- og stéttarfélagi félagsráðgjafa. Ætlunin er að ágríp þetta verði birt á heimasíðu Félagsráðgjafafélagsins og gefið út í bókarformi á næstu mánuðum en nú verður notað tækifærið hér á síðum Tímarits félagsráðgjafa og vakin athygli á okkar merklugu sögu með því að rifja upp nokkra merka áfanga sem sjá má stað í fundargerðum félagsins.

Stofnun og fyrstu stjórnarmenn

Stéttarfélag íslenska félagsráðgjafa (SÍF) var stofnað 19. febrúar árið 1964. Stofnendur voru fjórir, þær Guðrún Jónsdóttir, sem jafnframt var fyrsti félagsráðgjafinn sem hóf störf á Íslandi, Margrét Margeirsdóttir, Margrét Steingrímsdóttir og Kristín Gústavsdóttir. Gekk félagið undir nafninu Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa fram til aðalfundar árið 2007 að samþykkt var að breyta því í Félagsráðgjafafélag Íslands.

Eins og sjá má í félagatali SÍF voru 29 félagsráðgjafar skráðir í félagið fyrsta áratuginn sem það starfaði. Þar vantar þó nafn Huldu Guðmundsdóttur. Hún gekk í félagið árið 1968 en bjó erlendis fyrstu ár félagsaðildar sinnar og gegndi þá störfum fyrir félagið á vettvangi norræns samstarfs.

Helstu verkefni félagsins fyrsta áratuginn voru kjaramál, kennsla í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, löggilding starfsheitisins og þátttaka í starfi Samtaka


norrænna félagsráðgjafa. Þá kemur fram í fundargerðum að fjóru umræður voru oft á tíðum á félagsfundum um ýmis þjóðþrifamál. Einnig byrjaði félagið strax að gefa umsögn um lagafrumvörp og þingsályktanir.

Lögverndun starfsheitisins

Á 19. félagsfundum SÍF 30. nóvember 1970 lagði Guðrún Jónsdóttir fram tillögu þess efnis að starfsheitið *félagsráðgjafi* yrði lögverndað. Var skipuð nefnd til að annast þetta mál og fimm árum síðar eða vorið 1975 voru *Lög um félagsráðgjöf* samþykkt á Alþingi og þar með lögverndun starfsheitisins. Íslendingar urðu fyrstir Norðurlandabjódna að gera félagsráðgjöf að lögvernduðu starfsheiti.



Fyrstu stjórn félagsins skipuðu Margrét Margeirsdóttir, formaður, Kristín Gústavsdóttir gjaldkeri og Guðrún Jónsdóttir ritari. Myndin af þeim er tekin 1994 á þrjátíu ára afmæli félagsins.



Félagatal SÍF

Nám í félagsráðgjöf

Undirbúningur félagsráðgjafarnáms stóð yfir í tæp tuttugu ár og voru skipaðar nokkrar nefndir á vegum félagsins til að koma því á laggirnar. Það var árið 1966 að farið var að ræða undirbúning og stofnun Félagsráðgjafaskóla. Var það meðal annars gert á fundi með læknum og sálfræðingum á Kleppi en fundarmenn töldu að brýn þörf væri fyrir að fjölga félagsráðgjöfum í allt að fimmtíu. Á þessum tíma voru fimm félagsráðgjafar á Íslandi og því verulegur skortur á þeim. Frá upphafi tók félagið þá afstöðu að koma yrði á laggirnar heildstæðu námi í félagsráðgjöf en lagðist gegn fræðslunámskeiðum um félagsráðgjöf til að fylla í skarðið þar til nám í félagsráðgjöf litu dagsins ljós. Það hefði opnað fyrir að starfsmenn í félagsþjónustu sem ekki höfðu viðurkennt nám í félagsráðgjöf gætu starfað sem félagsráðgjafar. Fékk félagið því framgengt að ákveðinn fjöldi Íslendinga hefði aðgang að félagsráðgjafarskólum í öðrum norrænum ríkjum þar til nám hæfist í greininni hér á landi. Mætti það þörfinni fyrir félagsráðgjafa til að byrja með en fyrstu félagsráðgjafarnir voru síðan útskrifaðir frá Háskóla Íslands árið 1982.

Húsnæðismál

Stjórnarfundir og félagsfundir voru haldnir ýmist á vinnustöðum eða heima hjá stjórnarmönnum allt til haustsins 1975 þegar lítið kvistherbergi á Hringbraut 30 fékkst leigt fyrir 4.000 krónur á mánuði. Þessi áfangi hleypti nýju lífi í félagið og mátti nú sjá í fundargerðum að kaffiumsþjónarmenn skipuðu mikilvægan sess í félaginu. Það starf fólst í að hella uppá og sjá um meðlæti, sem ekki veitti af því félagsfundirnir, sem haldnir voru einu sinni til tvisvar í mánuði fyrstu áratuginna, stóðu stundum fram yfir miðnætti. Árið 1978

fékk félagið leigða skrifstofuástöðu í nýju húsnæði BSRB við Grettisgötu og 1990 var félagið aftur flutt og nú í húsnæði BHM á Lágmúla 7. SÍF eignaðist þar eigin skrifstofu árið 2000 þegar samþykkt var að kaupa hlut í Ásbrú, húseignarsamvinnufélagi BHM. Þá setti félagið upp skrifstofu sína á þriðju hæð í Lágmúlanum.

Árið 2005 var húsnæði Ásbrúar í Lágmúla selt og keypt þriðja hæðin í Borgartúni 6 – gömlu Rúgbrauðsgerðinni – og fluttust öll aðildarfélög BHM þangað. Fékk félagið þar eigin skrifstofu þar sem einnig er rými fyrir fundahöld.

Norrænt samstarf

Í nóvember 1964 sótti fulltrúi SÍF fund í Stokkhólmi þar sem félagsráðgjafar á Norðurlöndum komu saman í því skyni að koma á nánara samstarfi sín á milli. Á þessum fundi var samþykkt ályktun um að halda skyldi árlegt mót norrænna félagsráðgjafa með fyrirlestrum

Formenn Félagsráðgjafafélag Íslands frá stofnun félagsins

Margrét Margeirsdóttir	1964—1965
Kristín Gústavsdóttir	1965—1967
Guðrún Jónsdóttir	1967—1969
María Þorgeirsdóttir	1969—1970
Sigrún Karlsdóttir	1970—1971
Svava Stefánsdóttir	1971—1974
Guðrún Kristinsdóttir	1974—1977
Guðrún Jónsdóttir	1977—1978
Sigrún Karlsdóttir	1978—1979
Hjördís Hjartardóttir	1979—1980
Þórunn Óskarsdóttir	1980—1982
Karl Marinósson	1982—1984
Gunnar Klængur Gunnarsson	1984—1986
Svava Stefánsdóttir	1986—1988
Guðrún Ögmundsdóttir	1988—1990
Lára Björnsdóttir	1990—1992
Þuríður Maggý Magnúsdóttir	1992—1994
Unnur Ingólfsdóttir	1994—1996
Dögg Káradóttir	1996—1998
Björk Vilhelmsdóttir	1998—2000
Ella Kristín Karlsdóttir	2000—2006
Páll Ólafsson	2006—2012
María Rúnarsdóttir	frá 2012

og hópavinnu. Í framhaldinu var stofnað Samvinnuráð norrænna félagsráðgjafa í Ósló árið 1970 og gekk SÍF formlega í samtökin árið 1972.

Á öðrum áratugnum í starfi félagsins var mikil vinna unnin á vettvangi norræns samstarfs. Þessi árin voru haldin tvö norræn þing hér á landi. Það fyrra var í júní 1975 undir yfirskriftinni *Fyrirbyggjandi starf á sviði félagsráðgjafa*. Seinna þingið var í ágúst 1981 á Laugarvatni og var þar fjallað um ábyrgð samfélags og foreldra með yfirskriftinni (á norsku): *Samfunnet som foreldre. Ansvarsfordelingen mellem familie og samfunn og konsekvensene for sosialt arbeid*.

Árið 1986 var enn og aftur haldið norrænt þing hér á landi. Þingið, sem bar yfirskriftina *Félagsráðgjöf og félagsleg þjónusta fyrir almennig sem veitt er af hinu opinbera, einkaaðilum og hagsmunasamtökum*, stóð yfir frá mánudegi til föstudags í byrjun október. Það fór fram bæði í Reykjavík og á Akureyri. Ástæða þess var sú að á sama tíma fór fram fundur þjóðarleiðtogganna Reagans og Gorbatsjovs í Höfða. Ekki var nægt hótélrými að fá í Reykjavík og því þurfti að flytja hluta ráðstefnunnar norður. Þátttakendur voru um 90 og þar af 60 erlendir gestir.


Átta árum síðar, á þriátíu ára afmæli félagsins árið 1994, var fjórða norræna þingið haldið hér með yfirskriftinni *Félagsráðgjöf – horft til framtíðar* (n. Sosialt arbeid í nutid og fremtid). Aðsóknarmet var sett á þessu þingi og mættu á það um 240 norrænir félagsráðgjafar, þar af 60 Íslendingar. Á þessu þingi voru stofnendur SÍF heiðraðir sérstaklega en þeir höfðu verið gerðir heiðursfélagar SÍF árið 1991.



Síðasta tölublað Nordisk sosialt arbeid.

kynnti þáverandi ritstjóri, Guðrún Kristinsdóttir, að framvegis yrðu birtir íslenskir útdrættir úr greinum í blaðinu og sex árum síðar birtust fyrstu ritrýndu greinarnar í Nordisk sosialt arbeid. Árið 2001 var samþykkt hópáskrift að blaðinu og fengu þá allir

félagsmenn SÍF blaðið heim sér að kostnaðarlausu þar til áskriftinni var sagt upp árið 2007. Var þá kostnaðurinn orðinn of mikill fyrir félagið. Í framhaldi af því var blaðið lagt niður þar sem ekki reyndist lengur forsenda fyrir útgáfu blaðsins þegar svo margir hættu í áskrift. Vert er að vekja athygli á að tímaritið er í heild aðgengilegt á netinu og er slóðin www.idunn.no/nsa.



25 ára afmæli SÍF

Í tilefni af 25 ára afmæli Stettarfélag Íslenskra Félagsgjafa árið 1989 var haldin ráðstefna á Akureyri með yfirskriftinni *Félagsráðgjöf á Íslandi*. Þátttakendur voru um 70 félagsráðgjafar og 12 nemar í félagsráðgjöf. Erindin frá ráðstefnunni voru síðan gefin út í veglegu afmælisriti, *Félagsráðgjöf á Íslandi*.



Þátttakendur á afmælisþingi SÍF á Akureyri árið 1989.

Fyrstu doktorarnir í félagsráðgjöf

Á síðasta áratug síðustu aldar eignuðust félagsráðgjafar sína fyrstu doktora.

Árið 1991 varði Guðrún Kristinsdóttir doktorsritgerð sína, *Child Welfare and Professionalization*, við félagsráðgjafardeild Háskólans í Umeå.

Árið 1992 varði Guðrún Jónsdóttir doktorsritgerð sína, *Surviving incest: Icelandic and British incest survivors' experiences of incestuous abuse*, við háskólann í Sheffield.

Árið 1993 varði Sigrún Júlíusdóttir síðan doktorsritgerð sína, *Den kapabla familien i det isländska samhället*, við Gautaborgarháskóla. Þar með eignaðist stéttin á skömmum tíma þrjá doktora í félagsráðgjöf en nokkur bið varð á því að þeim fjölgaði.



Sérfræðileyfi og siðareglur

Í byrjun árs 1992 var sett á laggirnar nefnd á vegum SÍF um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf. Í nefndinni störfuðu Nanna K. Sigurðardóttir, formaður, Helga Þórólfsdóttir, Ingibjörg Broddadóttir og Sigrún Júlíusdóttir. Ári síðar skilaði nefndin af sér skýrslu þar sem fram kom að sérfræðileyfi fagstétta byggist almennt á þrennu:

Siðareglum
skipulegu fræðilegu námi
vinnu í faginu undir handleiðslu.

Félagsráðgjafar höfðu ekki sett sér siðareglur fyrstu áratuginu og var ákveðið á aðalfundi 1993 að bæta úr því. Kjörin var siðanefnd undir forystu Nönnu K. Sigurðardóttur og vann hún ötullega að undirbúningi og smíði nýrra siðareglna félagsráðgjafa, meðal annars með opnum siðabingum og vinnustaðfundum. Það var síðan 13. nóvember 1998 að nýútkomnum siðareglum var fagnað með Siðabingi á hóteli Loftleiðum. Voru siðareglurnar gefnar út á vandaðan hátt, bæði á veggspjaldi og í handhægum A6-bæklingi.



Árið 1995 hóf sérfræðimatsnefnd störf á vegum SÍF undir forystu Sigrúnar Júlíusdóttur. Verkefni hennar var að vinna að lögleiðingu sérfræðiréttinda félagsráðgjafa. Eftir útgáfu reglugerðar um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf, 6. júlí 1999, var einnig sett á laggirnar sérfræðinefnd á vegum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins, og var Steinunn Hrafnadóttir formaður hennar. Var hlutverk nefndarinnar að meta umsóknir félagsráðgjafa um sérfræðileyfi. Í febrúar 2001 fengu svo fyrstu félagsráðgjafarnir viðurkenningu sem sérfræðingar. Það voru þau:

Anni G. Haugen, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu
Guðrún Kristinsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu
Svava Stefánsdóttir, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði heilbrigðisþjónustu
Þór G. Þórarinnsson, sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði félagsþjónustu með stjórnun sem undirgrein

Fimmtán aðrar umsóknir biðu afgreiðslu þetta fyrsta ár sem nefndin starfaði. Þeim sem náð höfðu 25 ára starfsaldri var veitt undanþága til að sækja um sérfræðiréttindi fyrir 6. júní 2000.

Útgáfur

Málþípan, fréttablað SÍF, gegndi mikilvægu hlutverki árin 1977 til 2007 þegar síðasta blaðið kom út. Blaðið var í fyrstu hugsað sem sendibréf sem innihéldi fréttir frá stjórn og upplýsingar um starfsemi félagsins og var sent í bréfaþósti til allra félagsmanna. Á aðalfundi 1985 var samþykkt að breyta Málþípunni í fréttablað en það var þó ekki fyrr en í nóvember 1990 sem Málþípan fékk nýtt útlit sem fréttablað og var nú átta síður í A5-broti. Á næstu árum var Málþípan gefin út í ýmsu broti og útliti þar til hún fékk upplýftingu árið 1998 og kom eftir það út í prentaðri útgáfu, A4-stærð á fínum pappír. Áður hafði Málþípan verið fjölrituð og síðan ljósrituð. Lengst af kom Málþípan út fjórum sinnum á ári, stundum oftar, en síðustu tvö árin kom eitt blað út fyrir aðalfund félagsins.



Árið 1987 kom út fyrsta tölublað *Félagsráðgjafablaðsins* en mikill áhugi hafði verið fyrir útgáfu slíks fagtímarits um nokkurra ára skeið. Í aðdraganda útgáfunnar var skipuð sérstök ritnefnd sem í voru þær Oktavía Guðmundsdóttir og Unnur Sigurðardóttir. Blaðið var í undirbúningi allt árið, kallað var eftir greinum, auglýsingum safnað og tilboða leitað í prentun. Fram kemur í fyrsta tölublaðinu, í ávarpi formanns félagsins, Svövu Stefánsdóttur, að meiningin væri að birta í blaðinu nauðsynlegar upplýsingar fyrir félagsmenn, auk faglegra greina, bóka-

kynninga, skoðanaskipta og fréttu af ráðstefnum og fræðslufundum bæði hérlendis og erlendis. Fyrstu þrjú tölublöðin voru gefin út í A5-broti og prentun var svarthvít.



Ný ritnefnd, sem hafði á að skipa þeim Steinunni K. Jónsdóttur, Þóru Kemp og Þóri S. Guðbergssyni, sá um útgáfu á fjórða tölublaði Félagssráðgjafablaðsins. Þá hafði blaðið tekið miklum breytingum útlitslega. Það var prentað í A4-stærð á glanspappír og kápan, sem var í lit, hélt útliti sínu framvegis nema hvað skipt var um lit ár hvert. Blaðið kom út einu sinni á ári í níu skipti.



Árið 1995 gaf SÍF út bækling um félagssráðgjöf. Bæklingurinn var gefinn út í tilefni af 30 ára afmæli félagsins og styrktur af félagsmálaráðuneytinu, Félagsmálastofnun Kópavogs, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og heilbrigðis- og tryggingaráðuneytinu.



Eftir að útgáfa Félagssráðgjafablaðsins hafði legið niðri í nokkur ár kom árið 2006 út nýtt tímarit á vegum SÍF með nafninu *Tímarit félagssráðgjafa*. Var þetta í fyrsta skipti sem gefið var út tímarit með ritrýndum greinum á vegum félagsins. Fyrsti ritstjóri blaðsins var Freydís J. Freysteinsdóttir.

Árið 2010 kom svo út fjórði árgangurinn undir stjórn nýs ritstjóra, Sigrúnar Júlíusdóttur. Með henni í ritstjórn voru Halldór S. Guðmundsson og Sveindís A. Jóhannsdóttir. Í aðdraganda útgáfunnar var mörkuð ný ritstjórnarstefna í samvinnu við stjórn FÍ. Í henni kemur fram að markmiðið sé að birta ritrýndar greinar, almennar faglegar greinar og umræðugreinar í blaðinu auk þess að miðla nýþekkingu með margvíslegum hætti. Fyrir útgáfu þessa tölublaðs var mikil vinna lögð í hönnun blaðsins, sem var 60 blaðsíður í A4-broti, skipt upp í kafla og prentað í lit. Er þessi hönnun á blaðinu enn við lýði.

Þá má geta þess að árið 2008 gaf Félagssráðgjafafélag Íslands út *Félagssráðgjafatal*. Félagssráðgjafarnir Anna S. Jónsdóttir, Rannveig Gunnarsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir söfnuðu upplýsingum í talið og önnuðust útgáfu þess. Í ritinu er ferilskrá félagssráðgjafa frá upphafi félagssráðgjafar hér á landi til ársins 2006. Að auki er listi yfir nýútskrifaða félagssráðgjafa vorið 2007. Þá er í bókinni veglegur kafla þar sem stiklað er á stóru í sögu stéttarinnar.

Netvæðing félagsins

Árið 1997 hófst netvæðing félagsins með tölvupóstsamskiptum og var fyrsta netfangið *soc-work@itn.is*. Tveimur árum síðar opnaði félagið síðan vefsetur. Það var endurnýjað árið 2008 og fékk þá slóðina



www.felagsradgjof.is en nýtt netfang félagsins var felagsradgjof@felagsradgjof.is. Vefsetrið var síðan uppfært á ný og enduropað með nýju útliti, en sömu slóð, árið 2013.

40 ára afmæli SÍF

40 ára afmæli Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa var haldið hátíðlegt með fjölmennum morgunverðarfundum á Grandhótel afmælisdaginn 19. febrúar 2004. Um haustið var síðan haldin tveggja daga ráðstefna á Hótel Rangá með yfirskriftinni *Ímynd félagsráðgjafa og fram-sækni*.

Framtíðarþing

Árið 2006 var Framtíðarþing SÍF haldið með þátt-töku um 100 félagsráðgjafa. Á þinginu voru valin gildi félagsins, hlutverk þess skilgreint og mótuð fram-tíðarsýn fyrir félagið til ársins 2012. Á þinginu voru valin gildi félagsins með einkunnarorðunum

virðing, víðsýni og jöfnuður

Þá voru samþykkt þrjú meginmarkmið fyrir félagið,

öflug og áhrifarík liðsheild
framúrskarandi starfskjör
fagmennska í öndvegi



Haukur Ingi Jónasson stýrði stefnumótunavinnunni.

Norræn ráðstefna um velferðarmál og fagmennsku

Norræn ráðstefna um velferðarmál og fagmennsku var haldin hér á landi á Grandhótelum í ágúst 2011. Auk FÍ stóðu að ráðstefnunni Þroskaþjálfafélag Íslands, Ís-Forsa, Félagsráðgjafardeild HÍ og Námsbraut í þroskaþjálfarafræði við HÍ, og einnig Samtök norrænna félags-

ráðgjafa, Samtök norrænna þroskaþjálfara, Forsa og Nordisk Social Högskole Kommitté. Í boði voru 180 fyrirlestrar og vinnusmiðjur og voru þátttakendur um 420. Í lok ráðstefnunnar veitti Félag norrænna háskóla Sigrúnu Júlíusdóttur heiðursviðurkenningu fyrir fram-lag sitt til kennslu, hlutdeild í þróun félagsráðgjafa og rannsóknir á sviði barna- og fjölskyldumála.

Fagdeildir

Á tímabilinu 2004 til 2013 voru stofnaðar tíu fagdeildir auk fjögurra landshlutadeilda, ein í hverjum lands-fjórðungi. Smátt og smátt tóku fagdeildirnar við hlut-verki stjórnar félagsins og fræðslunefndar FÍ að halda reglulega fræðslufundi, hver á sínu fagsviði. Flestar eru þessar deildir enn að störfum og eru þær gott dæmi um öflugt grasrótastarf innan félagsins. Birtist það í fjölda fræðslufunda og erinda sem fagdeildirnar standa fyrir á Félagsráðgjafarþinginu.

Félagsráðgjafarþing

Í tilefni af 50 ára afmæli FÍ og 70 ára afmæli Sigrúnar Júlíusdóttur var efnt til félagsráðgjafarþings í febrúar 2014. Var þetta hið fyrsta af árlegum þingum sem Félagsráðgjafafélag Íslands stendur nú fyrir í febrúar ár hvert. Að þinginu stóðu Félagsráðgjafafélag Íslands, Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Hollvinasamtök Félagsráðgjafardeildar, Ís-Forsa og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.

María Rúnarsdóttir, formaður FÍ, setti þingið en að því búnu voru fluttir tveir hátíðarfyrirlestrar. Í öðrum þeirra fjallaði Vivien Cree, prófessor í félagsráðgjöf við Edinborgarháskóla, um femínisma og sögu félagsráðgjafa. Hún hefur meðal annars rannsakað og skrifað um barnavernd í Bretlandi. Hinn hátíðarfyrirlesturinn héldu í sam-einingu Steinunn Hrafnisdóttir, deildarforseti Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands, og Bjarney Kristjánsdóttir, formaður Hollvina-samtaka Félagsráðgjafardeildar, og fjölluðu þær um ævi og störf Sigrúnar.

Þátttakendur á þinginu voru 340. Þar voru haldnar átján málstofur þar sem flutt voru um 70 erindi um félagsráð-gjöf og þá málaflokka sem félagsráðgjafar starfa við, svo sem fjölskyldumeðferð, endurhæfingu, ofbeldi í fjölskyldum, þjónustu við aldraða og fatlað fólk, barna-vernd, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, skólafélagsráðgjöf og hamfarir. Ráðstefnustjóri var Lára Björnsdóttir, fyrrverandi félagsmálastjóri Reykjavíkurborgar.

Í móttöku sem haldin var í þinglok í tilefni af 50 ára afmæli félagsins voru heiðursfélagarnir og stofnendur félagsins heiðraðir ásamt fyrrverandi formönnum FÍ og þeim félagsráðgjöfum sem unnu að útgáfu Félagsráðgjafatalsins.



Núverandi og fyrrverandi formenn Félagsráðgjafafélags Íslands

Í netkönnun sem gerð var eftir þingið til félagsmanna kom fram mikil ánægja með það hvernig til tókst og var þess óskað að Félagsráðgjafabing yrði haldið árlega framvegis.


Í aðdraganda afmælisársins 2014 voru samþykkt ný gildi fyrir félagið sem enn eru við lýði. Þau eru

fagvitund, framsækni, frumkvæði.

Þá var útbúið nýtt félagsmerki (lógó) og hannaðir fánar með merkinu og gildum félagsins.



Eldri merki félagsins eru þessi:



SÍF-höndin, samþykkt árið 1987



Félagsráðgjafafélag Íslands

Merki FÍ samþykkt 2007.

Fjöldi félagsmanna

Nokkra hugmynd um þróun félagsins má fá með því að skoða fjölda félagsmanna í Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, síðar Félagsráðgjafafélagi Íslands, frá stofnun.

1964 voru félagsmenn 4

1974 voru félagsmenn 29

1984 voru félagsmenn 85, en 110 höfðu fram til þess tíma verið skráðir í félagið

1999 voru félagsmenn 210


2013 voru félagsmenn 383

2016 voru félagsmenn 464

Ekki verður stiklað á fleiri þáttum í starfsemi félagsins í þessari stuttu samantekt en augljóst er að margir félagsráðgjafar hafa lagt mikið af mörkum við að gera veg félagsins sem mestan. Þó langar mig að nefna enn eitt dæmi um hversu fjölbreytt starf hefur verið unnið á vegum félagsins.

Árið 1995 voru fimm fastanefndir að störfum hjá SÍF. Það voru kjaranefnd, ritnefnd, fræðslunefnd, alþjóðanefnd og vísindanefnd. Auk þeirra störfuðu fjórar aðrar nefndir, stöðugildanefnd, sérfræðimatsnefnd, siðanefnd og atvinnuleysisnefnd. Höfðu flestar þessara nefnda mörg verkefni á sínum snærum árum saman. Frekari umfjöllun um hálfri aldar sögu Félagsráðgjafafélagsins bíður þar til *Ágrip af 50 ára sögu Félagsráðgjafafélags Íslands* verður birt á vefsetri FÍ og gefið út í bók.

Vísindasjóði FÍ eru þakkaðir veittir styrkir til þessa verkefnis.



IFSW EUROPEAN CONFERENCE 2017

REYKJAVÍK - ICELAND / 28-30 MAY



Welcome to Reykjavík to the IFSW European Conference 2017

IFSW Europe and the Icelandic Association of Social Workers are pleased to invite you to the IFSW European Conference which will take place in Reykjavík in May 2017.

We hope that the theme of the conference will encourage social workers from all over Europe to engage in a stimulating professional discussion on how social work is evolving with new groups being marginalized in Europe in the changing society of the 21st Century. Other indicative themes are Mental Health Care, Human Rights, Families, Prevention and early Intervention, Social work and the Educational system, Social work without borders- Immigrants, Challenges in Social work with people with Disabilities, Substance misuse, Homeless people, Social work with Elderly people and Disaster Social work.

The venue for the Conference is Harpa, a new conference center and concert hall in the heart of Reykjavík, located on the harbour front.

We hope that the IFSW European Conference 2017 in Reykjavík will be a stimulating event with an interesting and challenging professional program with exciting workshops and field visits in the fields of social work practice, policy making and research, providing an opportunity for social workers to share their experiences.

We are looking forward to meeting you in Reykjavík!

María Rúnarsdóttir,
President of the Icelandic Association of Social Workers

ifsw europe2017.yourhost.is
ifsw2017@yourhost.is

Nýir sérfræðingar í félagsráðgjöf



Hinn 10. nóvember 2016 fékk Erla Sigríður Hallgrímsdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði barnaverndar. Erla Sigríður lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands vorið 2001 og meistaraprófi í félagsráðgjöf, MSW, frá Sidney-háskóla vorið 2003. Erla Sigríður hefur unnið allan starfsferil sinn sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg. Frá útskrift vorið 2001 til febrúar 2002 vann hún hjá Félagsþjónustunni í Reykjavík í sérverkefni með langtímaatvinnulausa. Eftir að meistaranámi lauk vann Erla Sigríður sem félagsráðgjafi hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts og frá maí 2011 hjá Barnavernd Reykjavíkur þar sem hún starfar núna. Að auki hefur Erla Sigríður starfað sem félagsráðgjafi í eftirfylgniskýrslum hjá Íslenskri ættleiðingu frá árinu 2012.



Hinn 26. janúar 2017 fékk Eyrún Jónatansdóttir réttindi til að starfa sem sérfræðingur í öldrunarmálum innan félagsþjónustu. Eyrún lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands vorið 1994, diplómanámi í öldrunarþjónustu, einnig frá HÍ, árið 2009 og norrænu meistaranámi í öldrunarfræðum frá Félagsráðgjafardeild HÍ árið 2014. Eyrún hefur starfað sem félagsráðgjafi hjá fjölskyldudeild Reykjavíkurborgar, á geðdeild Landspítala, í Tryggingastofnun ríkisins, í öldrunar- og heimaþjónustu Garðabæjar og í móttökuteymi Heimaþjónustu Reykjavíkur. Hún starfar nú sem félagsráðgjafi í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, og sinnir einkum þjónustu við eldri borgara. Eyrún starfar í Færni- og heilsuáskilnaðsnefnd höfuðborgarsvæðisins, og er að auki í stjórn fagdeildar félagsráðgjafa í öldrunar-

þjónustu innan FÍ. Þá sat Eyrún í stjórn Öldrunarráðs Íslands árin 2001–2003 og í stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands árin 2010–2013.



Hinn 22. apríl 2016 fékk Inga María Vilhjálmssdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðissviði. Inga María lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda frá Háskóla Íslands vorið 1997 og MSW-prófi frá Syracuse-háskóla með áherslu á fjölskyldumeðferð. Hún hefur starfað sem félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg, einnig hjá Neyðarmóttöku vegna nauðgana, hjá Kvennadeild Landspítala og lengst af hjá Heilsugæslu Grafarvogs í meðferðarteymi barna. Hún hefur einnig verið stundakennari og prófdómari við Félagsráðgjafardeild HÍ. Þá starfaði Inga María við meðferð og ráðgjöf hjá ríkisgeðdeild New York-fylkis og í Onondaga Pastoral Counselling Center í Syracuse, sama fylki, og var það hluti af starfsnámi hennar í Syracuse. Inga María starfar nú sem verkefnastjóri hjá Þjónustumiðstöð Breiðholts.



Hinn 3. maí 2016 fékk Snjólaug Birgisdóttir réttindi til að starfa sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á sviði réttarfélagsráðgjafar. Snjólaug lauk námi í félagsráðgjöf til starfsréttinda við félagsvísindadeild Háskóla Íslands vorið 2004. Hún lauk meistaranámi í afbrotafræði frá félagsfræðideild Suður-Alabama-háskóla vorið 2002. Snjólaug starfaði sem félagsráðgjafi hjá Fangelsismálastofnun ríkisins árin 2005–2012. Hún hóf störf hjá Barnaverndarstofu árið 2012 sem MST-þerapisti og starfar þar enn.